

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1516/2007

2010/EES/6/57

frá 19. desember 2007

um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 842/2006 skulu tiltekna upplýsingar koma fram í skráum fyrir kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað. Til að efla skilvirka framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 842/2006 þykir rétt að tilgreina frekari upplýsingar sem koma eiga fram í skránum fyrir búnað.
- 2) Upplýsingar um flúraðar gróðurhúsalofttegundir skulu koma fram í skránum fyrir búnað. Ef magn flúruðu gróðurhúsalofttegundanna er óþekkt skal stjórnandi viðkomandi búnaðar sjá til þess að starfsfólk með tilskilin réttindi ákvarði heildarmagnið til að auðvelda eftirlitið með leka.
- 3) Áður en lekaeftirlitið fer fram skal starfsfólk með tilskilin réttindi fara vandlega í gegnum gögnin í skránum fyrir búnaðinn til að kynna sér vanda, sem áður hefur komið upp og skoða eldri skrár.
- 4) Til að tryggja skilvirkt lekaeftirlit skulu lekaprófanir fyrst og fremst beinast að þeim hlutum búnaðarinnar sem eru líklegastir til að leka.
- 5) Við lekaeftirlit skal nota beinar eða óbeinar mæliaðferðir. Með beinum mæliaðferðum er unnt að greina leka með greiningarbúnaði sem sker úr um það hvort flúraðar gróðurhúsalofttegundir leki úr kerfinu. Óbeinar mæliaðferðir byggjast á því að greina það ef eitthvað er óeðlilegt við kerfið og á greiningu á viðeigandi þáttum.

- 6) Nota skal beinar mæliaðferðir í tilvikum þar sem lekinn ágerist mjög hægt og þar sem búnaðurinn er í vel loftræstu umhverfi sem verður til þess að erfitt er að greina flúraðar gróðurhúsalofttegundir sem leka út í loftið úr kerfinu. Beinar mæliaðferðir eru nauðsynlegar til að greina nákvæma staðsetningu lekans. Ákvörðunin um það hvaða mæliaðferð skuli nota skal tekin af starfsfólki með tiltekin réttindi sem hefur nauðsynlega þjálfun og reynslu til að ákvarða hvaða mæliaðferð á best við í hverju tilviki.

- 7) Ef vísbendingar eru um leka skal fylgja þeim eftir með skoðun til að finna lekann og ráða bót á honum.

- 8) Til að tryggja öryggi kerfisins að lokinni viðgerð skulu skoðanir til eftirfylgni, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 842/2006, fyrst og fremst beinast að þeim hlutum kerfisins þar sem leki hefur fundist og að aðliggjandi hlutum.

- 9) Ef uppsetningu nýs kerfis er ábótavant býður það heim verulegri áhættu á að leki komi fram. Því skal skoða nýlega uppsett kerfi með tilliti til leka strax eftir að þau hafa verið tekin í notkun.

- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð eru, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 842/2006, settar fram staðlaðar kröfur um eftirlit með leka fyrir starfandi og fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem er tímabundið ekki starfandi og inniheldur 3 kg eða meira af flúruðum gróðurhúsalofttegundum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 28.5.2009, p. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/540/EB (Stjtið. ESB L 198, 31.7.2007, bls. 35).

Þessi reglugerð gildir ekki um búnað sem er með loftþétt kerfi sem er merkt sem slíkt og inniheldur minna en 6 kg af flúruðum gróðurhúsalofttegundum.

2. gr.

Skrár fyrir búnað

1. Stjórnandinn skal láta nafn sitt, pósthfang og símanúmer koma fram í skránum sem um getur í 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, hér á eftir nefnt „skrár fyrir búnað“.

2. Magn flúraðra gróðurhúsalofttegunda í kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði skal koma fram í skránum fyrir búnaðinn.

3. Ef magn flúraðra gróðurhúsalofttegunda fyrir kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað er ekki tilgreint í tækniforskriftum framleiðanda eða á merkimiða þess kerfis skal stjórnandinn sjá til þess að starfsfólk með tilskilin réttindi ákvarði það.

4. Ef orsök leka hefur verið greind skal hún tilgreind í skránum fyrir búnaðinn.

3. gr.

Skoðun skráa fyrir búnað

1. Áður en lekaeftirlit fer fram skal starfsfólk með tilskilin réttindi skoða skrárnar fyrir búnað.

2. Sérstaklega skal leita eftir upplýsingum sem benda til ítrekaðs vanda og vandamálsvæða.

4. gr.

Kerfisbundið eftirlit

Eftirfarandi hlutar kæli-, loftræsti- eða varmadælubúnaðarins skal sæta kerfisbundnu eftirliti:

1. tengi,
2. ventlar, þ.m.t. leiðslur,
3. pakkningar, þ.m.t. pakkningar á útskiptanlegum þurrkurum og síum,
4. þeir hlutar kerfisins sem verða fyrir titringi,
5. tengingar við búnað sem tengist öryggi eða rekstri.

5. gr.

Val á mæliaðferð

1. Starfsfólk með tilskilin réttindi skal nota óbeina mæliaðferð sem tilgreind er í 6. gr. eða óbeina mæliaðferð sem tilgreind er

í 7. gr. þegar lekaprófanir fara fram á kæli-, loftræsti- eða varmadælubúnaði.

2. Alltaf má nota beinar mæliaðferðir.

3. Eingöngu skal nota óbeinar mæliaðferðir ef mæliþættir fyrir þann búnað, sem greina á og sem um getur í 1. mgr. 7. gr., veita áreiðanlegar upplýsingar um það magn flúraðra gróðurhúsalofttegunda sem er tilgreint í skránum fyrir búnaðinn og líkur á leka.

6. gr.

Beinar mæliaðferðir

1. Til að finna leka skal starfsfólk með tilskilin réttindi nota eina eða fleiri af eftirfarandi beinu mæliaðferðum:

- a) skoðun á hringrásum og ihlutum, þar sem fyrir hendi er hættu á að leki geti komið fram, með greiningartækjum fyrir lofttegundir sem eru löguð að kælimiðlinum í kerfinu,
- b) notkun greiningarvökva fyrir útfjólublátt ljós eða heppilegs leysilítar í hringrásinni,
- c) aðferð þar sem notuð er bólulausn/sápulausn.

2. Skoða skal gasgreiningarbúnaðinn, sem um getur í a-lið 1. mgr., á 12 mánaða fresti til að tryggja að hann starfi rétt. Næmi færanlegs gasgreiningarbúnaðar skal vera a.m.k. fimm grömm á ári.

3. Notkun greiningarvökva fyrir útfjólublátt ljós eða heppilegs leysilítar í kælihringrásinni skal einungis viðhöfð ef framleiðandi búnaðarins hefur viðurkennt að slík greiningaraðferð sé tæknilega gerleg. Aðferðinni skal einungis beitt af starfsfólki sem hefur tilskilin réttindi til starfa sem felast í því að rjúfa kælihringrásir sem innihalda flúraðar gróðurhúsalofttegundir.

4. Ef aðferðirnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr. þessarar greinar, nægja ekki til að skynja leka og hlutarnir, sem um getur í 4. gr., sýna engin merki um leka en starfsfólk með tilskilin réttindi telur að um leka sé að ræða skal skoða aðra hluta búnaðarins.

5. Áður en þrýstimælingar með súrefnislausu köfnunarefni eða annarri heppilegri lofttegund til lekaprófunar eru gerðar skal starfsfólk, sem hefur tilskilin réttindi til að fjarlægja flúraðar gróðurhúsalofttegundir úr búnaði af tiltekinni gerð, fjarlægja slíkar lofttegundir úr öllu kerfinu.

7. gr.

Óbeinar mæliaðferðir

1. Til að finna leka skal starfsfólk með tilskilin réttindi framkvæma sjónrænt og handvirkt eftirlit með búnaðinum og kanna einn eða fleiri af eftirfarandi mæliþáttum:

- a) þrýsting,
- b) hitastig,
- c) straumnotkun þjöppu,
- d) vökvastöðu,
- e) áfyllt magn.

2. Fylgja skal öllum vísbendingum um leka flúraðra gróðurhúsalofttegunda eftir með könnun á leka með einni af þeim beinu mæliaðferðum sem um getur í 6. gr.

3. Ein eða fleiri af eftirtöldum aðstæðum skulu teknar sem vísbending um leka:

- a) fast leka greiningarkerfi gefur leka til kynna,
- b) búnaðurinn gefur frá sér óeðlileg hljóð eða titring eða um er að ræða ísmyndun eða kælingu er ábótavant,
- c) vísbendingar um tæringu, olíuleka eða um skemmdir á íhlutum eða efni við mögulega lekastaði,
- d) vísbendingar um leka frá sjónglerjum, vökvahæðarmælum eða öðrum sjónrænum hjálpartækjum,
- e) vísbendingar um skemmdir í öryggisrofum, þrýstirofum, mælum og nematengjum,
- f) frávik frá eðlilegum rekstrarskilyrðum sem athugaðir mæliþættir gefa til kynna, þ.m.t. rauntímaaflestur af rafrænum kerfum,
- g) önnur merki um tap í kælimiðli.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2007.

8. gr.

Lekaviðgerðir

1. Stjórnandinn skal sjá til þess að viðgerðir séu í höndum starfsfólks sem hefur tilskilin réttindi til þeirra sérhæfðu verka.

Áður en viðgerð á sér stað skal tæming eða endurheimt fara fram, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. Stjórnandinn skal sjá til þess að lekaþrófun með súrefnislausu köfnunarefni eða annarri þurrkandi lofttegund, sem er heppileg til þrýstiprófunar, sé framkvæmd eftir því sem nauðsyn krefur og síðan fari fram tæming, enduráfylling og lekaþrófun.

Áður er þrýstiprófun með súrefnislausu köfnunarefni eða annarri heppilegri lofttegund til lekaþrófunar eru gerðar skal fjarlægja flúruðu gróðurhúsalofttegundirnar úr öllum búnaðinum eftir því sem nauðsyn krefur.

3. Finna skal orsök lekans ef þess er nokkur kostur til að koma í veg fyrir að hann komi upp aftur.

9. gr.

Eftirlit til eftirfylgni

Þegar eftirlit til eftirfylgni, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, fer fram skal starfsfólk með tilskilin réttindi einbeita sér að þeim svæðum þar sem leki hefur verið greindur og lagaður, svo og að aðliggjandi svæðum sem hafa orðið fyrir álagi meðan á viðgerð stóð.

10. gr.

Kröfur varðandi nýjan búnað

Skoða skal nýlega uppsettan búnað með tilliti til leka strax eftir að hann hefur verið tekin í notkun.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.